



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2020

R19010136

6631

Borgarráð

Fyrirhuguð undirskriftasöfnun vegna deiliskipulags við Stekkjarbakka Þ73

Lagt er til að borgarráð samþykki erindi Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins um fyrirhugaða undirskriftasöfnun samkvæmt 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga með þeim fyrirvara að undirskriftarsöfnunin og íbúakosningin fjalli ekki um lögformlegt gildi deiliskipulagsins fyrir Stekkjarbakka Þ73, þar sem slíkt stæðist ekki lög.

Greinargerð:

Þann 19. desember sl. barst Reykjavíkurborg erindi stjórnar Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins um fyrirhugaða undirskriftasöfnun í Reykjavík en í tilkynningu kemur fram að ætlunin sé að "knýja fram íbúakosningu um deiliskipulagið fyrir Stekkjarbakka, sem borgarstjórn samþykkti 19. nóvember s.l. og auglýst var í Stjórnartíðindum 25. nóvember s.l." Í 2. gr. reglugerðar nr. 155/2013 um undirskriftasafnanir vegna almennra atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitarstjórnarlögum kemur fram að tilkynna skal sveitarstjórn ef fyrirhuguð er undirskriftasöfnun í sveitarfélaginu þar sem óskað er eftir almennri atkvæðagreiðslu um tiltekið mál er varðar sveitarfélagið. Erindið barst Reykjavíkurborg innan þess tíma sem veittur er og er því lagt til að fyrirhuguð undirskriftasöfnun verði samþykkt.

Í erindi Hollvinasamtakanna kemur fram að hugsun samtakanna er sú að deiliskipulag Stekkjarbakka verði fellt úr gildi í íbúakosningu. Eins og fram kemur í umsögn skrifstofu borgarstjórnar stenst það ekki lög. Deiliskipulag verður ekki fellt úr gildi með íbúakosningu. Deiliskipulagið hefur þegar öðlast lögformlegt gildi og verður aðeins breytt með endurskoðun á því í samræmi við málsmeðferðarferla í skipulagslögum og að viðlagðri bótaábyrgð Reykjavíkurborgar. Atkvæðagreiðsla gæti hins vegar snúist um það að Reykjavíkurborg myndi hefja endurskoðun á deiliskipulagi, að virtum þessum málsmeðferðarreglum og hugsanlegri bótaábyrgð.

Ekkert er því þannig til fyrirstöðu að fram fari undirskriftarsöfnun og íbúakosning án þess að hún sé beinlínis tengd við þá stjórnvaldsákvörðun sem þegar hefur verið tekin með samþykkt og gildistöku

deiliskipulagsins. Ber borgarráði að leiðbeina fyrirvarsmönnum um að haga undirskriftarsöfnuninni á þann hátt að hún sé ekki tengd lögformlegu gildi deiliskipulagsins og felur skrifstofu borgarstjórnar að veita leiðbeiningar í því efni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi frá Hollvinasamtökum Elliðaárdalsins til borgarstjóra, dags. 19. desember 2019

Umsögn skrifstofustjóra borgarstjórnar, dags. 30. desember 2019

Bréf frá Sporum í sandinn ehf. dags. 8. janúar 2020